

REGLUGERÐ

um gildistöku og breytingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2020 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012.

1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir lið 6g í kafla IV í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. júní 2023, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2020 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009, (EB) nr. 245/2009 og (ESB) nr. 1194/2012.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir lið 6s í kafla IV í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 frá 13. júní 2023, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/341 frá 23. febrúar 2021, um breytingu á reglugerðum (ESB) 2019/424, (ESB) 2019/1781, (ESB) 2019/2019, (ESB) 2019/2020, (ESB) 2019/2021, (ESB) 2019/2022, (ESB) 2019/2023 og (ESB) 2019/2024 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun netþjóna og gagnageymsluvara, rafmagnshreyfla og snúningshraðastýringa, kælitækja, ljósgjafa og aðskilins stýribúnaðar, rafeindaskjáa, uppþvottavéla til heimilisnota, þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota og kælitækja sem eru notuð við beina sölu.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2020 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63/2023, 7. september 2023, bls. 171-202.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/341 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63/2023, 7. september 2023, bls. 297-337.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2023 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 87/2023, 30. nóvember 2023, bls. 18.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr. laga nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem tengist orkunotkun, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott reglugerð nr. 578/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 um kröfur varðandi visthönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota, reglugerð nr. 579/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 um kröfur varðandi visthönnun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur og reglugerð nr. 1177/2016 um gildistöku og

breytingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012, um kröfur varðandi visthönnun stefnuvirkra ljósapera, ljósdíóðupera og tengds búnaðar.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 13. mars 2025.

F. h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra,

Stefán Guðmundsson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 31. mars 2025